

um frv. til l. um loðdýrarækt.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frv. um loðdýrarækt var flutt á síðasta þingi. Olli það miklum deilum, svo að málið hlaut ekki afgreiðslu. Nú er það flutt á nýjan leik, en málavextir eru óbreyttir og sama ástæða til gætni nú og síðastliðið ár.

Loðdýrarækt er ekki nýr atvinnuvegur á Íslandi. Minkaeldi var stundað um tveggja áratuga skeið og er því þrautreynt við íslenskar aðstæður. Oft voru minkabú rekin með tapi, og gjaldeyristekjur urðu varla teljandi. Þegar minkaeldi var bannað 1951, var það hrörnandi atvinnugrein og aðeins 7 bú starfandi í landinu.

Í stað hins mikla og auðfengna gróða, sem átti að verða af minkarækt og ýmsa dreymir um enn í dag, hlaut þjóðin eina verstu landplágu síðustu mannsaldra — villiminkinn. Þarf vart að orðlengja, hvílíku tjóni hann hefur valdið á náttúru landsins og hlunnindum.

Samkvæmt skýrslum veiðistjóra voru árin 1963 og 1964 unnir 5143 minkar í landinu. Þeir skiptust þannig eftir sýslum:

	1963	1964
Gullbringu- og Kjósarsýsla .....	155	200
Borgarfjarðarsýsla .....	108	204
Mýrasýsla .....	185	180
Hnappadals- og Snæfellsnessýsla .....	219	331
Dalasýsla .....	73	120
Austur- og Vestur-Barðastrandarsýsla ....	59	81
Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýsla .....	41	45
Strandasýsla .....	68	78
Austur- og Vestur-Húnavatnssýsla .....	143	223
Skagafjarðarsýsla .....	213	195
Eyjafjarðarsýsla .....	77	54
Suður-Þingeyjarsýsla .....	128	129
Norður-Þingeyjarsýsla .....	41	13
Norður-Múlasýsla .....	0	0
Suður-Múlasýsla .....	0	0
Austur- og Vestur-Skaftafellssýsla .....	81	75
Rangárvallasýsla .....	224	228
Vestmannaeyjar .....	0	0
Árnessýsla .....	557	615

Samtals 2372 2771

Minni hl. landbúnaðarnefndar vill benda á nokkur atriði varðandi frv. til umhugsunar:

- 1) Það virðist almennt viðurkennt, að minkar muni alltaf sleppa úr haldi, hversu vel sem um er búið.
- 2) Ekki hafa verið lögð fyrir þingið nein gögn, sem styðja þá skoðun flutningsmanna, að minkaeldi sé nú líklegri til að verða gróðavegur en það var áður.
- 3) Frumvarpið er styttra, efnisminna og óljósara en fyrri lög um sama efni. Það leggur allt vald í þessum málum í hendur ráðherra og embættismanna. Þingmenn eru beðnir að treysta algerlega reglugerðum, sem þeir hafa ekki séð, um svo viðkvæmt og mikilsvært mál.

5. maí 1965.

Náttúruverndarráð hefur mótttekið erindi hins háa Alþingis, dags. 21. f. m., þar sem þess er óskað, að ráðið veiti umsögn sína um fram komið frumvarp til laga á Alþingi um loðdýrarækt. Hefur ráðið af þessu tilefni gert svofellda samþykkt: „Náttúruverndarráð er, með tilliti til fenginnar reynslu af skaðsemi minksins í náttúrulífi landsins, andvígt þeirri heimild til loðdýraræktar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og þeim innflutningi loðdýra, sem væntanlega kæmi í kjölfar þeirrar heimildar.“

Samþykkt þessi var gerð með atkvæðum allra ráðsmanna, að undanskildum Hákonni Bjarnasyni skógræktarstjóra, sem hefur þá afstöðu til máls þessa, að þar sem minkur sé fyrir í landinu, geti hann fallizt á að leyfa minkaeldi, enda sé fyllsta öryggis gætt um, að minkar ekki sleppi úr haldi.

Það er alkunnugt, að minkurinn hefur þegar valdið miklu tjóni í náttúrulífi landsins. Mestu tjóni veldur hann, áður en hann aðlagar sig umhverfinu. Sá minkur, sem fyrir er, hefur tileinkað sér lífshætti villtra dýra og drepur til þarfa, en eigi af öðrum hvötum. Minkaeldi er óhugsandi án þess, að fleiri eða færri dýr sleppi út. Það hefur ekki og mun heldur aldrei takast að koma í veg fyrir slíkt. — Sá minkur, sem þannig kemst út í náttúruna, fer um myrðandi og eyðandi ýmsu lífi og er hinn mesti skaðvaldur. Verður að telja, að óverjandi sé að stofna til þeirrar áhættu fyrir vafasama stundarhagsmunum. Fyrir því telur Náttúruverndarráð það skyldu sína að vara mjög eindregið við samþykkt hins umrædda frumvarps til laga um loðdýrarækt.

Með virðingu,

Birgir Kjaran, formaður.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis,  
Reykjavík.

## Fylgiskjal II.

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

NÁTTÚRUGRIPASAFNIÐ.

15. febrúar 1966.

Hæstvirt landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 11. þ. m., óskað umsagnar minnar um frumvarp til laga um loðdýrarækt, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi.

Í frv. því, sem hér um ræðir, eru nokkur almenn ákvæði um loðdýr og loðdýrarækt, stofnsetningu svonefndra „loðdýragarða“ o. s. frv. Mér er ekki fyllilega ljóst, hver ástæða er fyrir því, að flm. frv. hafa tekið hér upp orðið loðdýragarður (á dönsku pelsdyrgård) í stað orðsins loðdýrabú (sbr. fjárbú), sem við hingað til höfum notast við og raunar er orðið rótgróið í íslenzku máli. Í því, sem hér fer á eftir, mun ég því nota orðið loðdýrabú í stað loðdýragarðs.

Ég verð að játa, að það veldur mér nokkrum erfiðleikum að taka afstöðu til umrædds frumvarps, því að þar er þess hvergi getið, hvaða dýr sé fyrirhugað að ala í væntanlegum loðdýrabúum né heldur hvort fyrirhugað sé að flytja til landsins loðdýr í því skyni. Vel getur komið til mála að ala íslenzk dýr, svo sem refi og íslenzka villiminka í loðdýrabúum, og kemur þá auðvitað ekki til innflutnings á loðdýrum. En grunur minn er sá, að flm. frv. geri ráð fyrir innflutningi loðdýra, en um slíkan innflutning eru ströng ákvæði í gildandi lögum. Í 2. gr. 1. nr. 15/1948 er mælt svo fyrir, að innflutningur á hvers konar dýrum sé háður leyfi landbúnaðarráðherra og að leyfi megi ekki veita, nema stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með því og

yfirdýralæknir samþykki innflutninginn. Þá eru ákvæði í 5. gr. 1. nr. 48/1956, um náttúruvernd, um að leita skuli umsagnar náttúruverndarráðs áður en leyfi er veitt til innflutnings á lifandi dýrum.

Þó að frv. það um loðdýrarækt, sem nú hefur verið lagt fyrir Alþingi, verði samþykkt, haggar það ekki á nokkurn hátt við ákvæðum gildandi laga um innflutning dýra. Frv., þótt að lögum yrði, verður því aldrei nema pappírslagg, nema þeir aðilar, sem um mál þessi eiga að fjalla, veiti leyfi til innflutnings loðdýra. En þó að ég sé ekki beinlínis einn af þeim aðilum, skal hér vikið nokkru nánar að þessari hlið málsins.

Vegna afskekktar legu hefur Ísland nær algera sérstöðu að því er varðar fábreytni gróðurs og dýralífs. Innflutningur dýra, hvort sem um húsdýr eða villt dýr er að ræða, til slíkra landa getur því og hefur raunar oft haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Þess vegna ber að gæta ýtrustu varúðar í sambandi við innflutning dýra til Íslands, og á þetta jafnt við um villt dýr og loðdýr, sem ætluð eru til eldis í loðdýrabúum. Sannleikurinn er sá, að það hefur aldrei og mun aldrei takast að koma í veg fyrir til fulls, að slík dýr sleppi úr haldi. Þess vegna er algerlega óverjandi að láta vafasama stundarhagsmunum marka stefnuna í málum af þessu tagi. Afleiðingarnar af því geta orðið miklu geigvænlegri en nokkurn órar fyrir. Nú má segja, að nokkuð öðru máli gegni um innflutning minka til Íslands, þar sem minkur er hér þegar orðinn landlægur og verður sennilega aldrei útrýmt. En það er önnur hlið á þessu máli, sem ég er ekki viss um að menn almennt hafi gert sér fyllilega ljósa. Við verðum að gera ráð fyrir, að minkar, sem kynnu að verða fluttir til landsins, sleppi öðru hverju úr haldi. Afleiðingin af því hlýtur því að verða sú, að til viðbótar hinum villta minkastofni, sem þegar hefur aðlagð sig íslenskri náttúru, komi öðru hverju hópar af aliminkum út í náttúruna, en það eru einkum þeir minkar, sem valda mestum usla og tjóni. Slíkir minkar hafa ekki tileinkað sér hina hefðbundnu lífshætti villtra dýra, þeim fjölgar sennilega miklu örar en villiminkum, og það er miklu meiri hætt á, að þeir fari um myrðandi og drepanði án tillits til þarfa. Og við verðum að gera okkur ljóst, að það tekur langan tíma, unz slíkir minkar hafa aðlagð sig umhverfi sínu og tekið upp lífshætti villtra dýra eins og sá minkastofn, sem nú er fyrir í landinu. Sá minkastofn hefur þetta aðlögunarskeið að baki sér, og ég hef fulla ástæðu til að halda, að okkur stafi ekki ýkjamikil hætt af honum, jafnvel þótt hætt yrði með öllu að vinna skipulega að eyðingu hans. Í því sambandi ber að hafa í huga, að öll villt dýr takmarka fjölda sinn sjálf og að náttúran hefur séð fyrir því, að skynsamlegt hlutfall haldist milli rándýrs og bráðar. En þetta á auðvitað ekki við um aliminka, sem kynnu að sleppa úr haldi, og þess vegna er ég andvígur því, að innflutningur minka verði leyfður.

Að lokum vil ég leyfa mér að benda á, að mér er ekki kunnugt um, að nokkur viðhlítandi athugun hafi farið fram á þjóðhagslegu gildi loðdýraræktar hér. Þess væri þó full þörf, áður en verulegar fjárhæðir væru festar í loðdýrabúum. Því hefur að vísu verið haldið fram, að með loðdýrarækt væri hægt að stórauka verðmæti fiskúrgangs, sem fellur til í verstöðvum hér. Ef ekki verður hægt að sporna við því til fulls, að minkaeldi verði leyft hér á ný, vil ég gera það að varatillögu minni, að það verði aðeins leyft í Vestmannaeyjum, svo framarlega sem Vestmanneyingar vilja fallast á að taka við minknum. Í Vestmannaeyjum fellur til meira magn af fiskúrgangi en í flestum öðrum verstöðvum hér á landi, og þar væri hægt að ganga úr skugga um, hvort minkaeldi er eins arðvænlegt og látið er í veðri vaka, án þess að náttúru Íslands í heild sé stefnt í voða.

Virðingarfyllt,

Finnur Guðmundsson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis  
Alþingishúsinu, Reykjavík.

- 4) Engar kröfur eru gerðar til sérþekkingar þeirra, sem kunna að fá leyfi til loðdýraræktar. Í fyrri athugunum, sem gerðar voru fyrir ríkisstjórnina, var lögð mikil áherzla á þessa hlið málsins.
- 5) Flutningsmenn hafa ekki sett í frv. neitt um innflutning loðdýra, en treysta á gamalt ákvæði í lögum um innflutning búfjár. Mundi Alþingi í dag veita ráðherra nær takmarkalaus heimild til að leyfa innflutning ræktaðra villidýrategunda? Ef svo, hví eru þá ekki ákvæði um það í þessu frv., þar sem þau ættu heima?
- 6) Flutningsmenn forðast að nefna mink nema í bráðabirgðaákvæði. Frv. fjallar því um öll loðdýr. Í því sambandi er vert að taka eftir, að samkvæmt upplýsingum, sem einn af ráðunautum Búnaðarfélagsins lagði fyrir búnaðarþing, er hér á landi áhugi á að flytja inn chinchilla-rottur frá Suður-Ameríku og kanínur til skinnaræktar. Opnar ekki orðalag frumvarpsins leið slíkum innflutningi, án þess að frekar sé við Alþingi talað?  
Undirritaður minni hl. landbn. telur, að frv. þurfi mun meiri athugun, og leggur því til, að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar.  
Nái sú tillaga ekki samþykki, leggjum við til vara fram eftirfarandi

#### BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ komi: Náttúrufræðistofnun Íslands.
2. Við 6. gr. Í stað orðanna „Að fengnu álitu veiðistjóra um þessi gögn“ komi: Að fengnu samþykki náttúruverndarráðs og viðkomandi sveitarstjórnar.
3. Við ákvæði til bráðabirgða: Í stað orðsins „tvö“ komi: tíu.

Alþingi, 10. marz 1966.

Benedikt Gröndal,  
fundaskr., frsm.

Ágúst Þorvaldsson.

Hannibal Valdimarsson.

#### Fylgiskjal I.

#### Umsögn náttúruverndarráðs.

#### NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ

Reykjavík, 22/2 1966.

Náttúruverndarráð hefur mótttekið erindi hins háa Alþingis, dags. 11. þ. m., þar sem óskað er umsagnar þess um fram komið frumvarp til laga á Alþingi um loðdýrarækt.

Málið var lagt fyrir Náttúruverndarráð á fundi þess hinn 18. þ. m. og þar samþykkt með atkvæðum allra ráðsmanna gegn atkvæði Hákonar Bjarnasonar skógræktarstjóra að vísa til áður gerðrar samþykktar um þetta efni, sem send var landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis með bréfi dags. 5. maí 1965.

Vísast hér með til bréfs þessa og þess rökstuðnings fyrir afstöðu Náttúruverndarráðs, sem því fylgdi.

Með virðingu,

Birgir Kjarian,  
formaður.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis,  
Reykjavík.